
# List er gagnrýni á klisjur

**Að vera mitt í hringiðunni en í miðju einskis. Þessi orð franska heimspekingsins, Gilles Deleuze, vildi svissneski sýningarstjórinn, Hans Ulrich Obrist, hafa sem einkunnarorð þess spjalls sem Þröstur Helgason átti við hann og fer hér á eftir. Obrist er einn eftirsóttasti sýningarstjóri í myndlistarheiminum þrátt fyrir ungan aldur en hann er hugmyndasmiðurinn á bak við fyrirmælasýninguna sem fram fer á Kjarvalsstöðum, í Dagsljósi og Morgunblaðinu þessa dagana.**



Morgunblaðinu/Ásdís

**„FYRIRMÆLASÝNINGIN er tilraun til að brjóta upp hina hefðbundnu skynjun áhorfandans eða njótandans á listinni", segir Hans Ulrich Obrist, sýningarstjóri um sýninguna, „DO IT"-fyrirmælaverk sem fram fer samtímis á Kjarvalsstöðum, í Dagsljósi og Morgunblaðinu.**

Það er oft gerður greinarmunur á myndlistarheiminum og svo heiminum þar fyrir utan. Að minni hyggju þarf að byggja brýr á milli þessara heima. Hinn kunni franski myndlistargagnrýnandi frá fyrri hluta aldarinnar, Felix Feneon, sagði eitt sinn að gagnrýni væri eins og göngubrú á milli listamannsins og almennings og hið sama á við um þessa sýningu á fyrirmælaverkum. Og með því að halda hana hér á Íslandi erum við kannski stödd á brúnni miðri, á milli tveggja heima. Á óteljandi flugferðum mínum yfir hafið hef ég alltaf séð Ísland sem eins konar miðju, það stendur hér eins og klettur mitt á milli heimsálfanna í vestri og austri. Það er því engin tilviljun að við völdum að halda sýninguna hér en þetta er heimsfrumsýning og í fyrsta skipti sem fyrirmælaverk eru sýnd í þremur miðlum í einu; í safni, sjónvarpi og dagblaði."

Hans Ulrich Obrist er á þrítugsaldri og þegar orðinn einn eftirsóttasti sýningarstjóri í myndlistarheiminum. Hann starfar einkum fyrir tvö söfn, Nútímalistasafnið í Pompidoulistamiðstöðinni í París og Museum in Progress í Vín en einnig hefur hann starfað sem sjálfstæður sýningarstjóri víða um heim. Obrist stýrir athyglisverðri sýningu sem var opnuð hér á landi síðastliðinn laugardag á þremur stöðum í einu. Sýning þessi gengur undir heitinu, „DO IT" - fyrirmælaverk, og fer fram á Kjarvalsstöðum (safna-„DO IT"), í Dagsljósi Ríkissjónvarpsins (sjónvarps-„DO IT") og í Morgunblaðinu (heimilis-„DO IT"). Alls hafa 54 erlendir listamenn sent fyrirmæli sín um listaverk á sýninguna, þegar hefur verið farið eftir nokkrum þeirra á Kjarvalsstöðum, sum þeirra birtast á myndböndum í Dagsljósi og í sérstökum sal á Kjarvalsstöðum og sum þeirra munu birtast hér í Morgunblaðinu með reglulegu millibili og geta lesendur farið eftir þeim á heimilum sínum.

### Kaffihúsaspjall

Obrist segir að hugmyndin að sýningunni hafi orðið til á Kaffihúsi í París. „Ég sat að spjalli við Bertrand Lavier og Christian Boltanski, myndlistamenn, sem báðir eiga verk á sýningunni, um fyrirmælalist sem lengi hefur verið okkur ofarlega í huga. Við komumst að því að menn hafa oft notað þessa hugmynd en aldrei hefur verið sett upp heil sýning sem byggði alfarið á fyrirmælum. Í framhaldi af þessu spjalli kynnti ég mér söguna á bak við þetta fyrirbæri og í ljós kom að fyrirmæli eru eins og rauður þráður í gegnum listasögu þessarar aldar. Upphafsmaður þessa listforms var sennilega Marcel Duchamp. Árið 1919 sendi hann skeyti frá Argentínu til Frakklands með fyrirmælum um svalalistaverkið, ready-made malheureux. Á sjöunda áratugnum taka listamenn eins og Yoko Ono og John Cage upp þetta listform og á síðustu árum hafa æ fleiri listamenn bæst í þennan hóp."

### Sveimað yfir London

„Stuttu eftir samtal mitt við Lavier og Boltanski", heldur Obrist áfram, „fór ég fljúgandi til London. Þegar flugvélin ætlaði að lenda kom í ljós að vegna mikillar umferðar um flugvöllinn gat vélin ekki lent strax; hún þurfti því að sveima yfir vellinum í nokkurn tíma. Þegar mér varð litið út um gluggann sá ég fjölda íbúðarhúsa og ég fór að velta því fyrir mér að í hverju þeirra gæti verið eintak af sömu bókinni eða sömu hljómplötunni en það var útilokað að í þeim væri hægt að sjá sömu *myndlistarsýninguna*. Á sveimi yfir úthverfi London kviknaði því þessi hugmynd um að nota sjónvarp og dagblað til að koma fyrirmælasýningunni inn á hvert heimili.

Og það er einmitt megineinkenni sýningarinnar að hún getur farið fram á mörgum stöðum í einu. Þetta er í raun eins og kvikmynd eða tónverk sem hægt er að leika í 1000 borgum á sama tíma. Safna-„DO IT" fer raunar fram í tveimur öðrum borgum en Reykjavík þessa dagana, í París og í Brisbane í Ástralíu. Heimilis- og sjónvarpsútgáfan verður hins vegar aðeins sýnd hér á landi."

### List fyrir alla

„Belgíski listamaðurinn, Marcel Broodthaers, sagði einu sinni að listasafnið væri einn sannleikur sem væri umvafinn öðrum sannleika sem verður til þegar verk eru skoðuð. Fyrirmælasýningin er tilraun til að upphefja þann sannleika listarinnar sem er óháður listasafninu. Það þarf að brjóta upp ákveðnar deildir sem myndast hafa í listheiminum og gera listina fyrir alla. Þetta er líka tilraun til að brjóta upp hina hefðbundnu skynjun áhorfandans eða njótandans á listinni. Ég hef haldið sýningar á mörgum ólíkum stöðum; í eldhúsinu mínu, flugvélum, á lestarstöðvum og kaffihúsum. Þessi sýning er kannski angi af þessu en hún er samt ekki beinlínis uppreisn gegn *listasafninu sem slíku*, við erum ekki á móti söfnum. Þetta snýst miklu frekar um að brjóta upp hina hefðbundnu upplifun njótandans á listinni. Fólk kemur iðulega í listasafn með fyrirfram gefnar hugmyndir um hvað er list, við viljum leysa upp þá klisju. Franski heimspekingurinn, Gilles Deleuze, sagði að list væri gagnrýni á klisjur. Vonandi á það við um þessa sýningu.

**Listin skiptir nú meira máli en listamaðurinn**

Í þessu samhengi er það líka mjög mikilvægt að hafa það í huga að fyrirmælin eru ekki valdboð, þau eru ekki skipun heldur boð um samvinnu. Þannig er ætlunin að gera njótandann þátttakanda í sköpuninni. Með þessu móti opnast ýmis ný svið í smskiptum listamannsins og njótandans sem hingað til hafa verið lokuð. Eins og Duchamp sagði þá verður njótandinn eða sýningargesturinn helmingur verksins. Það verður líka að hafa í huga að það er ekki til ein rétt útfærsla eða túlkun á fyrirmælunum. Allar túlkanirnar eru jafnréttháar, allar eru þær jafngóðar. Um leið er það augljóst að engar tvær túlkanir munu verða eins."

### Gegn sérhæfingunni

Obrist segir að sýningin sé ekki *aðeins brúarsmíð á milli listamanna* og almennings heldur einnig á milli ólíkra greina; „þannig koma þátttakendur úr öllum áttum, þarna eru bæði vísindamenn, ljóðskáld, tónlistarmenn, myndlistarmenn og matreiðslumenn svo eitthvað sé nefnt. Við viljum reyna að brúa bilið á milli þessara ólíku greina. Þetta er tilraun til andspyrnu gegn sérhæfingunni sem hefur orðið meiri og meiri á síðustu tveimur áratugum. Sérhæfing nútímans er afskaplega leiðinleg og heftir auk þess samræður á milli ólíkra greina. Ég held reyndar að þetta eigi eftir að breytast á næstu árum; þess má meðal annars sjá merki í myndlistinni sjálfri þar sem sérhæfing er að minnka, nútímalistamenn nota þá aðferð eða tækni sem þeir þurfa í hvert skipti til að koma hugsun sinni á framfæri.

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á skörun ólíkra greina. Ég er menntaður í stjórnmálafræði og félagsfræði en þegar á háskólaárum mínum tók ég að setja upp myndlistasýningar á ýmsum stöðum; svo sem í eldhúsinu mínu og á hótelherbergjum. Ég fór svo að vinna að sýningum fyrir Nútímalistasafnið í París. Þar hef ég stýrt átján sýningum undir heitinu Farfuglarnir. Þarna hef ég fengið unga og efnilega listamenn hvaðanæva að úr heiminum til að setja upp sýningu.

**Sérhæfing nútímans er afskaplega leiðinleg**

„Þessi farfuglahugmynd tengist *mjög því sem er að gerast í evrópsku listalífi* þar sem fólk er á stöðugum þeytingi á milli landa, Evrópa er orðin mjög opin og miðjan í henni hefur færst út. Þetta á reyndar við um listheiminn allan. Á níunda áratugnum má segja að listheimurinn hafi afmarkast af tveimur borgum, New York og Köln. Sýningarstjórum þótti nægja að ferðast á milli þessara borga til að leita sér að hugmyndum og listamönnum í söfnin sín. Nú er þetta ekki svona auðvelt; það eru að minnsta kosti á milli 40 og 50 borgir í Evrópu sem eru miðpunktar í listheiminum, Reykjavík er ein þeirra, Helsinki líka, Kaupmannahöfn, Stokkhólmur, Dublin, Belfast, Glasgó, Hamborg, Madrid o.s.frv. Ég er ekki að segja að stóru borgirnar skipti engu máli lengur; miðjan hefur einfaldlega færst út."

### Listamaðurinn er nú frumkvöðull

Obrist segist aðspurður vera mjög illa við að tjá sig um það sem er að gerast í listinni almennt vegna þess að það sé svo auðvelt að verða klisjunni að bráð en gerir samt undantekningu þegar gengið er á hann. „Níundi áratugurinn var tími einstaklingshyggju; *listamenn upphófu* sína eigin persónu á kostnað verka sinna. Þetta endurspeglaðist mjög skýrt í ýmsum menningartímaritum þar sem maður sá myndir af andlitum listamanna en aldrei af verkum þeirra. Þetta hefur breyst á tíunda áratugnum; listin skiptir nú meira máli en listamaðurinn, ef til vill erum við að færast nær hugsunarhætti miðaldamanna þar sem höfundar listaverka skiptu engu máli og voru í mörgum tilfellum ekki einu sinni nefndir á nafn. Þessi breytta áhersla sést meðal annars í því að á síðustu árum hefur það orðið æ algengara að listamenn starfi í hópum, hópum sem hafa auk þess enga sérstaka lögun heldur eru nánast í fljótandi formi, hver sem er getur tekið þátt. Þessi hópvinna tengist dálítið andspyrnunni við sérhæfingunni; menn með ólíkan bakgrunn, með ólík áhugasvið og menntun eru farnir að tala meira saman. En um leið eru listamenn líka að verða sjálfstæðari að því leyti að þeir eru ekki jafnháðir söfnunum og á níunda áratugnum; þeir eru farnir að skapa sitt eigið rými, sínar eigin aðstæður. Í dag er listamaðurinn frumkvöðull.

Það eru líka miklu færri tabú en áður. Menn geta unnið með hvaða tækni sem þeir vilja og með hverjum sem er; það er ekki lengur litið hornauga ef listamaður vinnur til dæmis með Macdonalds-hamborgarakeðjunni sem þótti glæpur fyrir *fáeinum árum síðan*. Listamenn eru að færa út kvíarnar, að skapa sér nýjan vettvang. Um leið eru þeir að færa sig nær fólkinu eins og sýningin á fyrirmælaverkunum gefur skýrt til kynna."

## Seiðband og hópur skálda

Á ANNAN í páskum, mánudaginn 8. apríl, verður upprisuhátíð í Rósenbergkjallaranum. Þar gefst fólki kostur á að „jafna sig á drunga og erli hvíldarhátíðarinnar eftir sigur andans á holdinu við unað tóna og orða" að sögn aðstandenda hátíðarinnar. Þeir segja upprisuhátíðina vera „í tilefni endurfæðingar og hringrásar náttúrunnar og sérstaklega tileinkaða þeim mörgu guðum sem hafa fórnað sér sjálfir og risið upp aftur".

Hátíðin hefst á Tryggva Hansen og Seiðbandinu, en hann á fertugsafmæli þennan dag. Dagskráin samanstendur af söng og gleðisveitum og upplestri skálda. Þeir sem koma fram eru Agnarías, Kokkur Kyrjan Kvæsir, Súkkat, Steinar Vilhjálmur, Þorri, GG Gunn, Kjöttromman og fleiri.

Upprisuhátíðin hefst kl. 22.30.

## Aukasýning á Bar Pari

AUKASÝNING á leikritinu Bar Pari eftir Jim Cartwright verður laugardaginn 13. apríl kl. 23.30.

Sýningin hefur gengið fyrir fullu húsi síðan í október á Leynibarnum í Borgarleikhúsinu, en þar situr fólk við borð og getur notið veitinga á meðan á sýningu stendur.

Það eru Saga Jónsdóttir og Guðmundur Ólafsson sem fara með öll hlutverkin, en þau eru 14 að tölu. Leikstjóri er Helga E. Jónsdóttir, leikmynd og búninga gerði Jón Þórisson, en lýsingu annast Lárus Björnsson.

## Síðasta sýningarhelgi Gólu

SÝNINGU GÓLU (Gunnhildar Ólafsdóttur) í Listasetrinu Akranesi lýkur mánudaginn 8. apríl, annan í páskum.

Þar sýnir hún tréristur, steinþrykk og mezzotintu. Listasetrið er opið virka daga frá kl. 16-18 og um helgar frá kl. 15-18. Lokað er á föstudaginn langa og páskadag.